

Empowering
Young
Mountain
Entrepreneurs



PEAK

Gerð
markaðsmyndefnis
-Handbók-



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

www.peakentrepreneurs.eu

INNIHALD

- 01** Um **PEAK** verkefnið
- 02** **Námsþættir** handbókarinnar
- 03** **Netvettvangur - Canva**
Lærðu að búa til YouTube myndband
- 04** **Ræmur (Reels) á Instagram og Facebook.**
Lærðu að klippa Ræmur í Canva
- 05** **Netvettvangur - YouTube**
Lærðu að nota YouTube sem útgáfuvettvang



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

The European Commission support for the production of this publication does not constitute an endorsement of the contents which reflects the views only of the authors, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.

Meginmarkmið PEAK verkefnisins er að stuðla að eflingu ungra frumkvöðla í dreifðum byggðum Evrópu með því að þróa færni núverandi og verðandi ungra eigenda fyrirtækja í fjallendi og dreifðum byggðum. Einnig að styrkja stuðningskerfi þeirra t.d. stjórnendur, starfsmenn og nemendur í starfsnámi í gegnum nýstárlegan og aðgengilegan þjálfunarvettvang.

PEAK styður ung evrópsk fyrirtæki í fjallendi og dreifðum byggðum með því að þróa eftirfarandi;

1. **Námskrá og fræðsluefni fyrir kennara og leiðbeinendur** starfsnámsnemenda, nemendurna sjálfa, starfsmenn og eigendur (verðandi) fyrirtækja á tilteknum svæðum.
2. Myndbönd; **Handbók fyrir gerð markaðsmyndefnis og sýnimyndbönd af ungum frumkvöðlum** hönnuð til að hvetja og fræða núverandi eigendur fyrirtækja og starfsmenn þeirra, unga frumkvöðla í fjallendi og dreifbýli.
3. **Veflægur námsvettvangur** með þjálfunaráætlunum og námsþökkum
4. **Stuðningsefni sem er aðgengilegt bæði í Android og IOS** öppum til að gera rafræna námsumhverfið notendavænna.

[Smelltu hér til að fá aðgang að heimasíðu PEAK](#)

Að sigra helstu hindranir fjallendis- og dreifbýlisfrumkvöðla með því að þróa þína eigin stafrænu miðla

Verið stafrænt tilbúin!


Takið þátt, verið tilbúinn, upplýst og örugg í að búa til ykkar eigin myndbönd í gegnum YouTube, Canva, Instagram og Facebook.

- ✓ **Losnaðu við ringulreiðina og tilfinninguna um að vera borin ofurliði af upplýsingaflæði stafrænu miðlanna**
Þessi handbók kemur til með að hjálpa þér að komast að kjarna málsins, lykilatriðum og öflugum skipulagstillögum. Handbókin kynnir þig fyrir sérsniðnum, markvissum ráðum svo þú getir komist leiðar þessar á stafrænum miðlum og samfélagsmiðlum.
- ✓ **Öðlastu hagnýta þjálfun og þekkingu á stafrænni miðlun fjalla- og dreifbýlisfyrirtækja**
Skilningur á því hvernig hægt er að þróa stafræna miðla á hagkvæman máta og með minni kostnaði skref fyrir skref með hagnýtum leiðbeiningum.
- ✓ **Fáðu ávinning af kostnaðinum og arð af fríðindum.** Sérsníddu stafrænu miðlana þína á þann hátt að þú skerir þig úr hópnum, fjölgaðu áhorfendum og myndaðu sterkt netsamfélag.
- ✓ **Lærðu að bera kennsl á, og nota tækifæri stafrænna miðla.** Þessi handbók hefur valið úr helstu stafrænu miðlana og vinnutæki svo að þú getur einbeitt þér meira að því sem virkar fyrir fyrirtækið þitt.
- ✓ **Öðlastu næga tækniþekkingu** og aðgang að ÓKEYPIS og aðgengilegum notendavænum vettvangi.
- ✓ **Fáðu aukinn aðgang að sérþekkingu.** Þú eða starfsfólk þitt verða sérfræðingarnir!

Lærðu góðar aðferðir af öðrum litlum og meðalstórum evrópskum fjalla- og dreifbýlisfyrirtækjum

Í handbókinni, eru kynntar góðar aðferðir fyrir unga fjalla- og dreifbýlisfrumkvöðla og fyrirtæki þeirra. Með vísan í þetta skjal geta fyrirtækin notað eftirfarandi viðmið:

- ✓ Að vera í grundvallaratriðum ungt fjalla- og dreifbýlisfyrirtæki með **lykilmarkmiðin**; tilgang, einbeitni og eigin starfsemi.
- ✓ **Nálgun** þeirra er hagnýt, einföld, hagkvæm og framkvæmanleg, úrræði eru tiltæk og auðvelt að fylgja.
- ✓ Þau eru nú þegar að hafa **jákvæð áhrif** á vettvangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja og hafa oft áhrif á aðra hagsmunaaðila, samfélög, birgja og aðra.
- ✓ **Sjálfbærni** er mikilvæg og hana næst að skapa félagslega, umhverfislega og efnahagslega með langtímaáhrifum á samfélagið og markhópana í heild.
- ✓ Starfsemi þeirra er hægt að **flytja, endurtaka, framkvæma** og **stækka** til annarra svipaðra fyrirtækja í sama eða svipuðu landfræðilegu eða þematengdu umhverfi.



Hvers vegna eru myndbönd og stafrænir miðlar mikilvægir fyrir PEAK fyrirtækin?

Að hafa YouTube rás er besta leiðin til að kynna fjalla- og dreifbýlisfyrirtæki vegna þess að það er auðvelt og árangursríkt. Þetta er gert með því að búa til **myndband sem deilir bestu upplifunum á þínu svæði og því sem er sérstakt við fyrirtækið þitt**. Það getur sýnt skemmtilega hluti til að gera og staði til að heimsækja. Hugleiddu fimm mikilvæga þætti áfangastaðarins eða fyrirtækis þíns. Til dæmis, ef það er ferðapjónustufyrirtæki legðu þá áherslu á svæðisbundið aðdráttarafi þitt, aðgengi, gistingu, þægindi og upplifun.

Góð
ráð

- **Auðþekkjanleg strax.** Gakktu úr skugga um að þú bætir og aukir viðveru þína og samkeppnishæfni á netinu. Gakktu einnig úr skugga um að þú komist í tengsl við markhópin þinn svo að hann sé meðvitaður um, skilji og geti fengið aðgang að einstöku vöru- og upplifunarframboði þínu.
- **Bæta vöxt, byggja upp vörumerki og orðspor.** Bæta, taka þátt og efla eftirfylgni við viðskiptavinum þínum, stuðning og áhrifavalda.
- **Sigrast á viðskiptaáskorunum** t.d. takast á við árstíðasveiflur, bæta aðgengi að vöru og upplifun, auka sölu og hagnað með samnýtingu og markaðssókn
- **Náðu strax athygli og vektu áhuga.** Getur eftir eða komið af stað hugmyndum, frekari umræðu, athöfnum eða breytingum.
- **Vera sjónrænt aðlaðandi** og sýnileg á mismunandi miðlum, t.d. lýsandi upplýsingar, textar, verðlaun, bæklingar, myndbönd, myndir, vefsíður.
- **Tengdu þig** í gegnum samfélagsmiðla, fyrirspurnir á vefsíðu, aukinn fjöldi fylgjenda, stöðugar reglulegar deilingar, horfa á og læra af öðrum, fá aðgang að hagnýtum ókeypis úrræðum.
- **Vera aðgengileg almenningi,** á mismunandi sniðum og tungumálum, með viðeigandi upplýsingum á réttu stigi og formi.

Canva

Fyrir fjalla og
dreifbýlisfrumkvöðla



Canva




Hvað er Canva?

Canva er grafískt hönnunartæki

Canva er eitt **vinsælasta hönnunartækið** sem hjálpar notendum að skapa á auðveldan hátt margar mismunandi gerðir og stíla af sjón- og samskiptamiðlum fjölbreyttu og aukaefni. Canva er notendavænt grafískt hönnunartæki sem hefur náð gífurlegum vinsældum meðal fagfólks og áhugamanna. Einfalt viðmót þess og fjölbreytt úrval af eiginleikum gerir það að kjörnum vettvangi til að búa til myndefni til notkunar á netinu og utan þess.

Hins vegar, eins og önnur hugbúnaðartól hefur Canva sína kosti og galla, sem fjallað er um í þessari grein og ætti að skoða áður en ákveðið er hvort nota eigi það eða ekki. Smelltu á einhverja af krækjunum í eftirfarandi kafla til að kanna frekar **kosti og galla Canva**





Gerast áskrifandi að Canva námskeiðum á YouTube

<https://www.youtube.com/@canva>

Að lokum, Canva er gott tæki til hönnunar

Það er augljóst að Canva er **öflugt og notendavænt hönnunartól** sem getur hjálpað þér að búa til **hágæða myndefni**. Burtséð frá ókostum þess (sem önnur tól hafa líka), þá er það án efa besta hönnunartólið fyrir allan almenning. Strax í upphafi getur þú búið til áhrifamikla hönnun á skömmum tíma. Að auki býður Canva upp á mikið úrval af sniðmátum sem eru í réttri stærð og innihalda alla hönnunarþætti sem þú þarft.

Smelltu á myndbandið hér að ofan og lærðu að nota Canva

<https://www.youtube.com/watch?v=V9LtRF6EbyY>



Grunnkennsla fyrir YouTube myndbandsvinnslu

Þessi myndbandskennsla útskýrir grunn klippitækni fyrir YouTube með því að nota Canva (<https://www.canva.com>)

- [00:00](#) - Inngangur
- [00:42](#) - Vinna í Canva
- [01:50](#) - Að búa til kynningarskjáinn
- [04:15](#) - Að hlaða upp myndefni
- [05:08](#) - Unnið með tímalínuna
- [08:39](#) - Að bæta við breytingum
- [10:18](#) - Bæta við myndum
- [12:18](#) - Bæta við tónlist
- [14:25](#) - Vinna með texta
- [16:18](#) - Bæta við endaskjá
- [21:04](#) - Bæta við vatnsmerki
- [22:25](#) - Flytja út vídeó skrá
- [24:02](#) - Endir

Til að læra meira um að vinna með ókeypis tónlistargallerí á YouTube skaltu horfa á þetta myndband: <https://youtu.be/3tA-bilniao>

Vefsíða *Muddy Souls*

<https://www.muddysoulsadventures.com/>

Dæmi um hvernig PEAK samstarfsaðilinn *Muddy Souls* setti myndbandið sitt inn á vefsíðu sína þar sem það spilar sjálfkrafa


<https://youtu.be/hYI54ARuyw8>

 **Muddy Soul's**
Well-being Escapes in Nature

Contact Me

[Home](#) [Blog](#) [Individual & Group Tours](#) [Reviews](#) [More](#)

muddysouls2021@gmail.com +353 86 1534394 [f](#) [@](#) [Log In](#)



Instagram og Facebook Ræmur (e. Reels)

Fyrir unga fjalla- og dreifbýlisfrumkvöðla


Facebook Ræmur

facebook

Instagram Ræmur



 Instagram



Facebook Ræmur vs. Instagram ræmur Hvaða valkostur er bestur fyrir fyrirtæki þitt?

Samfélagsmiðlar ættu nú þegar að vera ómissandi hluti af markaðsstefnu þinni. Ræmur á samfélagsmiðlum geta verið áhrifaríkar af ýmsum ástæðum. Í fyrsta lagi geturðu **tengst viðskiptavinum þínum á óformlegan hátt með persónulegum frásagnarmiðli**. Stutt myndband þar sem þú **talar beint** til notanda getur haft mun meiri áhrif en hefðbundin textauppfærsla. Enn fremur geta sögur stuðlað að tengingu milli fyrirtækis þíns og viðskiptavina þinna.

Einnig er hægt að nota Ræmur til að **búa til skilaboð eða auglýsingaherferðir** í tímaröð. Þau virka andstætt við venjulegar færslur, þar sem tímaröðin riðlast auðveldlega á síðum Facebook og Instagram.

Facebook Ræmur eru myndskreið sem birtast á streymi notenda hvort sem það fylgir þér eða ekki. Þetta vikkar út áhrifasvæði og gerir þér kleift að tengjast nýju fólki.

Instagram Ræmur eru einnig myndskreið. Þú getur fundið þau með því að slá á myndspilaratáknið neðsti á miðhluta Instagram appsins



Við hvetjum þig til að bæta við Facebook og / eða Instagram Ræmum sem hluta af heildar kynningu þinni. Það er mikilvægt að hugsa um **blöndu sem fer í loftið**, t.d. að **búa til myndband miðað við eftirspurn, kynna næstu auglýsingaherferð, sýna nýtt framboð eða viðskiptatengingar**. Segðu fólki frá öllu þeim frábæru hlutum sem þú ert að gera, t.d. **að vernda umhverfið**, gera fyrirtæki þitt **aðgengilegt öllum** eða vinna með **samfélaginu** þínu. Kynntu og talaðu um starfsfólki þitt og fáðu fyrri viðskiptavinum þínum til að birta myndefni, möguleikarnir til að búa til ótrúlegt efni eru endalausir. Þetta gerir þér kleift að tengjast viðskiptavinum og samfélaginu þínu hvar sem er.

Instagram Ræmur

Instagram Ræmur eru gullnáma sem hjálpar þér að fjölga fylgjendum þínum. **Stutt, skemmtileg myndbönd** grípa athygli notanda á sérstakan hátt, sem getur þýtt mikla auglýsingu fyrir vörumerkið þitt, dreift orðspori vöru þinnar, þjónustu og reynslu og fengið nýja fylgjendur. Instagram ræmur eru **myndbönd sem taka yfir allan skjáinn** og geta verið allt að **90 sekúndur að lengd**. Þær eru með **marga einstaka hönnunarmöguleika** og umfangsmikið safn hljóðrásna (með allt frá vinsælum lögum til brota af netefni annarra notanda). Fyrir utan hljóð geta Ræmur innihaldið mörg myndskeið, síur, myndatexta, gagnvirka bakgrunna, límmiða og fleira.

Af hverju eru Ræmur betri en Sögur fyrir viðskipti? Ræmur eru frábrugðnar Instagram Sögum. Ólíkt sögum hverfa **þær ekki eftir sólarhring**. Þegar þú hefur birt Ræmu er hún á Instagram þar til að þú eyðir henni.

Besti hlutinn? Ræmur eru nú studdar af Instagram reikniritinu, sem er líklegra til að mæla með þeim fyrir fólk sem fylgir þér ekki en póstum úr Sögum. Það er stórt atriði fyrir fjalla- og dreifbýlisfyrirtæki. Notendur geta einnig uppgötvað Ræmur í sérstökum hluta Instagram appsins. Skrunanlegur brunnur fullur af vinsælum Ræmum sem hægt er að nálgast í gegnum Ræmutáknið neðst á heimasíðu Instagram appsins.



<https://www.facebook.com/>




Facebook Ræmur

Ræmur á Facebook eru stutt myndbönd í allt að 90 sekúndur með tónlist, hljóði, AR áhrifum og öðrum valkostum. Ólíkt Sögum geturðu deilt Ræmunum þínum opinberlega eða með vinum þínum eða viðskiptavinum. Ræma samanstendur af einu eða fleiri myndskeiðum. Hafðu í huga að ekki er hægt að slökkva á Ræmunum. Ræmum er beint að stórum hópi sem vafrar um Ræmur og þær eru frábær leið til að uppgötva ný fyrirtæki.
<https://www.facebook.com/help/398606435303267>

Tilgangur Facebook Ræma er að koma með **nýja leið til að búa til stutt, skemmtileg myndbönd, uppgötvast af nýjum áhorfendum og vera mikilvægur hluti Facebook menningunni.** Hægt er að bæta viðbótum og tónlist við Ræmuna þína eða nota þitt eigið upprunalega hljóð, sem gerir þér kleift að vekja hugmyndir þínar til lífsins og deila þeim með áhorfendum þínum.

ATH. Ræmur vs. Sögur. Sögur eru aðeins **15 sekúndur að lengd; Ræmur eru 6 sinnum lengri** svo hægt er að gera ráð fyrir **ítarlegra efni.** Mundu að hægt er að **uppgötva Ræmur** en Sögur koma einungis fram til fylgjenda og vina þeirra sem birtir efnið áfram á síðu sinni. Þess vegna er áherslan lögð á Ræmur fyrir fjalla- og dreifbýlisfyrirtæki.





Ræmukennsla - Instagram

<https://www.youtube.com/watch?v=kdfau9sIFIE>

Góð fyrir algera byrjendur

Instagram Ræmur eru svar Instagram við styttra efni á TikTok. Þetta eru frábær fljótleg myndbönd (allt að 60 sekúndur að lengd) og geta verið góð leið til að eiga samskipti við áhorfendur þína á samþjöppuðu sniði. Í þessu myndbandi er sýnt skref fyrir skref hvernig á að breyta Instagram Ræmum eins og PRO, hvernig á að nota og birta Ræmur og einföld ráð til að auka áhorf þitt!

Tímastimplar

00:00 Hvernig á að gera Instagram Ræmur eins og FAGMAÐUR!

01:58 Hvernig á að búa til Ræmur á Instagram

07:58 Hvernig á að búa til Instagram Ræmur fyrir öpp þriðja aðila

09:10 Bestu klippiforritin fyrir Instagram Ræmur

12:43 Hvernig á að búa til myndskleið á snjallsímanum þínum.



Ræmukennsla - Facebook

<https://www.youtube.com/watch?v=3aHHSMJL59o>

Sérstaklega byrjendavænar leiðbeiningar!

Með Ræmum á Facebook er tækifæri til að deila efni þínu og ná til annars og breiðari markhóps. Í þessu myndbandi lærir þú hvernig á að nota Ræmur, gera nákvæmar breytingar á myndskeiðum og hlaða inn á ræmur með því að nota myndbands netviðbæturnar **Kapwing**.

Tímastimplar

0:00 Kynning á Facebook ræmur


0:44 Hvernig á að finna Ræmu stúdíóið á Facebook

1:27 Ræmuupptöku- og klippibúnaður (lýsing, áhrif, hljóð, tímastilling, grænn skjár)

4:43 Lokaútgáfa (Bæta við tónlist, texta, þýðingartexta)

6:15 Hleður upp myndbandi á Ræmur

6:33 Hvernig á að gera fleiri sérsniðnar breytingar með **Kapwing**



Grunnleiðbeiningar um myndvinnslu til að búa til Instagram eða Facebook Ræmu

Notkun stafræna tækisins Canva

Þetta er myndbands kennsla sem útskýrir hvernig á að búa til Ræmur fyrir Facebook og Instagram, með því að nota grunn klippi leiðir í Canva (<https://www.canva.com>).

- [00:00](#) - Kynning
- [00:38](#) - Að vinna í Canva
- [01:04](#) - Velja sniðmát
- [02:13](#) - Sérstíða sniðmátið
- [05:38](#) - Að bæta myndefni við tímalínuna
- [10:22](#) - Að bæta við umbreytingum
- [11:40](#) - Að bæta við tónlist
- [13:33](#) - Að bæta við texta
- [15:32](#) - Að bæta við vatnsmerki
- [17:36](#) - Að flytja út myndbandsskrá
- [19:05](#) - Endir

YouTube

Fyrir unga fjalla- og dreifbýlis frumkvöðla



You 

Smellið til
að horfa



Af hverju You Tube?


Fyrir unga fjalla- og dreifbýlisfrumkvöðla

Auktu hagnaðinn með YouTube Ræmum

YouTube sendir út meira en milljarð mínútna af efni í streymi til **1.3 milljarða virkra notenda á hverjum degi**. Það jafngildir þriðjung allra netnotenda og því að minnsta kosti óteljandi ástæður til að byrja að búa til myndbönd sem kynna fyrirtæki þitt, vörumerki, vörur og þjónustu strax í dag. Við vitum að ferðamenn í dag hafa breytta sýn á það hvað það þýðir að fara í frí. Breytingin frá því venjulega, hefðbundnum sumarleyfum og fyrirsjáanlegum áfangastöðum er hafin.

Eins og þekkt er frá [latest travel trends: destinations and styles](#) hefur stefnan verið í þá átt að skapa einstaka ævintýrlega ferðaupplifun innblásna af landslagi minna þekktra áfangastaða.

Þetta er þar sem ferðapjónusta og vörumerki í landbúnaði geta notað [YouTube](#); Stærsta leitarvél með myndbönd, full af áhugaverðu og einstöku sjónrænu efni til að uppgötva, til að fanga athygli fjölda áhorfenda sem ætla að ferðast. Það eru svo margar leiðir sem þú getur nýtt á áhrifaríkan hátt til að kynna fyrirtæki þitt, t.d. Vlogs, Travel Guide myndbönd, Sérstök myndbönd. Þú getur jafnvel vakið upp tilfinningar með myndmáli og tónlist.



*Smellið til
að horfa*

YouTube er mjög hagkvæmt og notendavænt

Þú þarft ekki að hafa **stóra markaðsáætlun** eða **margmiðlunar teymi innanhúss** til að nýta þér YouTube. Með smá ímyndunarafl og sköpunargáfu getur fjalla- og dreifbýlisfyrirtækið þitt framleitt myndbandsefni sem hvetur, vekur athygli og að lokum **breytir áhorfendum í viðskiptavinum**.

Fáein lítil og meðalstór fjalla- og dreifbýlisfyrirtæki hafa enn ekki tileinkað sér YouTube í markaðsskyni, þrátt fyrir sívaxandi vinsældir þess. Eins og ávallt getur það þýtt mikla möguleika og aukna arðsemi fyrir þá sem nýta sér þessa leið og þessi samantekt sýnir hvernig. Ef þú hefur hikað við að nýta þér YouTube sem miðil til markaðssetningar þá eru hér nokkrar ástæður til að endurskoða stöðuna og byrja að nýta YouTube; Byggðu upp fjalla- eða dreifbýlisvörumerkið þitt, skapaðu sambönd, stækkaðu áhorfendahópinn, miðlaðu tilboðum, bættu við SEO og svo margt fleira.

Grunnur markaðssetningar með myndböndum er að þú þarft að búa til myndbönd sem **fræða**, **skemmta** og **hvetja** áhorfendur til að bregðast við. Í þessum hluta lærir þú hvernig á að **skipuleggja**, **breyta**, **kynna og deila** myndskreiðunum þínum með almenningi, sem og hvernig á að nýta verkfæri YouTube til að beina kastljósinu að fyrirtækinu þínu og vörum án þess að eyða miklum peningum.

YouTube er mjög hagkvæmt og notendavænt

Frá myndbandsframleiðslu til kynningar, þessi handbók deilir góðum og gegnum aðferðum og veitir góð ráð frá YouTube sérfræðingum sem nýtast þér.

- **Settu upp rásina þína**, og lærðu að **byggja upp vörumerkið þitt** svo þú getir haft hag af því.
- Byggðu upp **áhorfendur á netinu og samfélag** sem notar og hefur ánægju af reynslu þinni og vöruframboði og umfjöllun um hana. Áhorfendum sem deila góðu efni með þér og styðj við þig með til dæmis að deila þínu efni og vlogs.
- Skapaðu myndbandsefni **sem er sniðið að markhópnum þínum svo** þeir hafi aðgang að umfjöllun á öllum stigum ákvarðanatöku sinnar.
- **Bættu umferð að rásinni þinni**, vefsíðu eða samfélagsmiðlum með góðum titlum á myndböndum, merkingum, spilunarlistum og fleira.
- **Kynntu YouTube** myndböndin þín með því að nota Facebook, Twitter, Google+ og aðra samfélagsmiðla.
- Finndu út hvað YouTube rás getur gert fyrir þig þegar þú lærir að búa til rásina þína, nýta hana sem markaðstæki og hámarkaðu arðsemi þína.
- Að lokum vertu viss um að fara og skoða **[PEAK YouTube Channel](#)** til innblásturs og leiðsagnar.

Smellið til
að horfa



PEAK hvetjandi ferðapjónustumyndbönd

Muddy Souls, Írland, (Upplifunarleiðsögn)

Muddy Souls, Ireland

Býður upp heilsueflandi ferðir út í náttúruna fyrir fólk um allt Írland. Paul er eigandi og sérfræðingur í náttúru- og fjallaleiðsögn sem fer með fólk í ótrúlegar gönguferðir um sum af mögnuðustu fjöllum Írlands. Hann fer einnig í náttúrugöngur og hjálpar um leið fólki að bæta andlega heilsu sína.

Tengstu Muddy Soul's

Website <https://www.muddysoulsadventures.com/>

Facebook <https://www.facebook.com/muddysoulsad...>

Instagram https://www.instagram.com/muddy_souls

Upphaf Muddy Souls og kynning á Paul (eiganda)

[1:54](#) Hvað býður Muddy Souls upp á

[2:25](#) Hvernig Muddy Souls gagnast viðskiptavinum sínum

[5:10](#) Horft til baka á fyrsta árið

[6:00](#) Boð um að taka þátt með Paul í einu af ævintýrum hans

<https://www.youtube.com/watch?v=-DOsvhb9zio&t=114s>



Dæmi um ferðakynningarmyndband

Skyscanner og *Iceland Tourism Video* tengja saman vefsíður sínar

Ferðamyndbönd eru frábær leið til að skapa áhuga á tilteknum áfangastað eða ferðavöru og ættu að veita upplifun í skynjunar formi sem hvetur áhorfendur til að bóka hjá þér. Fyrirtæki í ferðaþjónustu geta notað YouTube-gögn til að greina hvað það er sem fylgjendur þeirra leita að á rásinni og að auki til að bera kennsl á vinsæla og vaxandi áfangastaði. Þessum upplýsingum er síðan hægt að breyta í viðeigandi kynningar til að bæta umferð á vefsíðum þeirra. Samkvæmt skýrslu frá *Hitwise* setti *Skyscanner* á sínum tíma saman árangursríka herferð sem byggði á stöðu Íslands sem þá nýtilkomins áfangastaðar.


[Skyscanner](#) birti ferða myndband fyrir Ísland á YouTube og greindi frá **59% aukning í umferð ferðavefsins á rásinni milli ára**. Öll greinin [Hér](#)

Fyrir ferðapjónustufyrirtæki

Fyrirtækið þitt getur notað YouTube fyrir kynningu á vörumerki, sýna lífið á skrifstofunni, til að svara spurningum viðskiptavina og margt fleira. Útbreiðsla, þátttaka, tækifæri og viðskipti eru til staðar; það er bara spurning um að byrja

SÉRSTÖK ATRIÐI til að fá sem mest út úr rásinni þinni


- Veldu **NAFN** fyrir rásina þína, vertu viss um að það standi með fyrirtækinu þínu eða notaðu nafn fyrirtækis þíns.
- Notaðu **HASHTÖG-#** og vertu viss um að **ÞÝÐINGATEXTA**-valkosturinn þinn sé á.
- Gott er að einbeita sér að málefnum undir **SPILUNARLISTA** fyrir ákveðnar hópa gesta t.d. fyrir útivistarfólk, aldraða, lúxus, græna áherslu o.s.frv.
- Búðu til **RÁSAR STIKLU** eða **KYNNINGARMYND** og settu það á YouTube. Þetta ætti að gefa góða yfirsýn yfir það sem þú gerir og svara grundvallaratriðunum Hver, hvað, hvar, hvenær, hvernig og hvers vegna?
- Byrjaðu að búa til myndskreið og vertu viss um að þau séu **HÁGÆÐA, GRÍPANDI** og áhugavert að horfa á þau.
- Gakktu úr skugga um að nýta þér YouTube **LÝSINGAR REITINN** þinn svo þú getir sagt um hvað myndbandið þitt fjallar og aukið YouTube SEO.
- Ekki gleyma að **deila** myndskreiðunum þínum á öðrum rásum og samfélagsmiðlum.




Tími til aðgerða!

Fínstilltu YouTube rásina þína


Nú þegar þú veist hvernig á að setja upp YouTube rásina þína geturðu byrjað að bæta við lógóinu þínu, rásarlistum, rásar lýsingu og hlaða inn myndböndum!



Þegar búið er að fylla rásina með æðislegum myndböndum og skipuleggja þau í spilunarlista mun rásin þín byrja að líta svona út!



Smellið til að lesa meira





Lærðu af öðrum ungum frumkvöðlum í fjallahéruðum og dreifðum byggðum

Fullt af myndböndum sem fjalla um efni sérstaklega fyrir frumkvöðla í fjallahéruðum og dreifðum byggðum





Ungir fjalla- og dreifbýlisfrumkvöðlar hafa stofnað eða starfa við margvísleg fyrirtæki sem fást við og bjóða upp á; búskap, vingerð, ferðapjónustu og leiðsögn, bakstur, gistingu, skartgripi, veitingar, líkamsrækt, rafmagns reiðhjólaleigu, ólífuolíuframleiðslu, listamanna-residensíu... og fleira.

Lærðu um þeirra...

- Bakgrunn og viðskiptahugmyndir og hvers vegna þau hófu starfsemi sína.
- Verkefni á sviði umhverfismála.
- Sjálfbærniaðferðir.
- Nýsköpunarráðstafanir.
- Hvernig þau fundu nýja vinkla, sérstaklega eftir erfiða tíma.
- Áskoranir sem þau hafa staðið frammi fyrir og lausnir sem þau innleiddu.
- Hvernig þau tengjast samfélaginu og umhverfi sínu.
- Hvernig þau hafa fjölgað vöruframboði sínu og aukið við reynslu sína svo þau séu í takt við umhverfi sitt og viðskiptavini.



Fylgstu með PEAK hér:

-  YouTube: <https://www.youtube.com/@peakentrepreneurs2892/videos>
-  TikTok: <https://www.tiktok.com/@peakentrepreneurs>
-  Instagram: <https://www.instagram.com/peak.entrepreneurs/>
-  Facebook: <https://www.facebook.com/PeakEntrepreneurs>

www.peakentrepreneurs.eu

The European Commission support for the production of this publication does not constitute an endorsement of the contents which reflects the views only of the authors, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.

